

Wesper


hitablásararnir hafa í 20 ár yljáð landsmönnum, bæði til lands og sjávar við öll möguleg störf og aðstæður. Þeir henta allstaðar og eru þeir hljóðlátustu á markaðnum.

Fáanlegir í eftirtöldum stærðum: 2250 k.cal., 5550 k.cal., 8050 k.cal., 11740 k.cal., 15380 k. cal. og 29600 k. cal., miðað við 80°/40° C.

Afköstin eru frábær, enda sérbyggðir fyrir hitaveitu.

Wesper umboðið

Sólheimum 26, 104 Reykjavík,
sími 91 — 34932



Morgunblaðið/Emilía

Jens Urup Jensen við verk sín á Kjarvalsstöðum. Gluggarnir sem hanga í loftinu eru þeir sem listamaðurinn hefur unnið fyrir Saudárkrókskirkju.

„Það er alltaf upplifun að koma til Íslands“

— segir danski myndlistarmaðurinn Jens Urup Jensen, er sýnir sem gestur með Septem-hópnum á Kjarvalsstöðum

„Mér finnst alltaf ákveðin upplifun að koma til Íslands,“ sagði danski myndlistarmaðurinn Jens Urup Jensen í stuttu spjalli við blaðamann Morgunblaðsins á Kjarvalsstöðum í gær. Þeir Jens Urup og Hafsteinn Austmann taka þátt í sýningu Septem-hópsins sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum til 15. september sem gestir. Sýnir Jens Urup þar m.a. átta steinda glugga, gerða fyrir Saudárkrókskirkju, ásamt fleiri gluggum úr gleri og steinsteypu og ljósmyndum.

„Mér fellur líka vel að sýna hér en þetta er í annað skipti sem ég sýni á Íslandi,“ sagði Jens Urup. „Árið 1975 hélt ég stóra yfirlits-sýningu í Norræna húsinu í boði þáverandi framkvæmdastjóra, Mai Britt Innander. Þátttaka mín í sýningu Septem-hópsins nú er þannig til komin að ég minnst á það við Jóhannes Jóhannesson, að það gæti verið gaman að halda sýningu á þessum gluggum í Reykjavík, áður en þeir yrðu settir upp í Saudárkrókskirkju. Það varð svo úr að mér var boðið að sýna með Septem hér á Kjarvalsstöðum, en gluggarnir fara norður um leið og sýningunni lýkur.“

Ég er mjög ánægður með það að vera með í þessum hóp. Þetta eru

góðir listamenn og marga þeirra hef ég þekkt lengi, t.d. Valtý Pétursson og Jóhannes Jóhannesson. Kristjáni Davíðssyni kynntist ég á Ítalíu þegar við Guðrún vorum þar á ferð, árið 1949, en við höfðum áður verið við nám í akademíunni í Flórens,“ sagði Jens Urup. En hann er kvæntur Guðrúnu Sigurðardóttur, listmálara, systur listamannanna Hrólfis og Sigurðar.

„Við Guðrún kynntumst í akademíunni í Kaupmannahöfn 1945, en það ár komu margir Íslendingar inn á akademíuna. Próffessorinn sagði mér að líta vel eftir „Litla Íslandi“, eins og hann kalladi Guðrúnu og það hef ég reynt að gera síðan,“ sagði Jens Urup Jensen og brosti.



Mikill skortur er á fötum víða í Afríku. Rauði kross Íslands er nú að hefja fatasöfnun og hvetur fólk til að gefa hreinan og heilan fatnað sem það er hætt að nota, en komið gætu þjáðum meðbræðrum í Afríku að miklu gagni.

„Gefum föt til Afríku“:

Rauði krossinn safnar fötum fyrir bágstadda í Afríku

Öll heil og hrein föt vel þegin

RAUÐI KROSS Íslands er nú að hefja fatasöfnun fyrir bágstadda í Afríku undir kjörorðunum „Gefum fatnað til Afríku“. Söfnunin hefst mánudaginn 9. september og stendur til 15. september. Deildir Rauða krossins munu veita fatnaðinum viðtöku.

Í Reykjavík verður tekið á móti fatnaði í Tónabæ, Árseli, Fellahelli, Próttheimum og í aðalstöðvum Reykjavíkureildar Rauða krossins að Öldugötu 4. Deildir samtakanna utan Reykjavíkur munu auglýsa hvar þær taka við fatnaði hver í sínu umdæmi.

Í frétt frá Rauða krossinum kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum samtakanna, sé nú mikill skortur á fatnaði í mörgum Afrikulöndum. Auk venjulegra ígangsfata vanti víða skjólklæðnað, þar sem nætur eru kaldar og einnig sé víða brýn þörf fyrir barnaföt.

Síðan segir í frétt frá Rauða krossi Íslands: „Hér á Íslandi eiga margir fatnað sem fólk vill ekki nota lengur af ýmsum ástæðum. Víða er um hreinan og heilan fatnað sem yrði þeginn með þökkum af

þeim sem engin eða of fá föt eiga. Vegna þessa hefur Rauði krossinn nú ákveðið að beita sér fyrir fatasöfnun á Íslandi til þeirra Afríkubúa sem eiga of litinn fatnað. Hér er um að ræða allar tegundir af nothæfum fatnaði aðrar en skófatnað. Föt þurfa að vera hrein og heil en mega vera notuð.“

Rauði krossinn vonar að sem flestir noti þetta tækifæri til að gera hvort tveggja í senn, líkna bágstöddu fólk í Afríku og losa sig við þann fatnað sem hefur af ýmsum ástæðum verið lagður til hliðar.

MENUETTO
exclusive
SIMPLEMENT PLUS JEUNE

Haust-tískan '85

BERNHARDT
LANDDAL

LAUGAVEGI 63.